

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, þéttbýlið við Árnes.

Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi þéttbýlisins við Árnes. Í breytingunni felst að byggingarheimildir á íbúðarlóðum við Heiðargerði og Hamragerði eru rýmkaðar. Heimilt verður að vera með kjallara á íbúðarlóðum þar sem aðstæður og landhæð gefa tilefni til.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Deiliskipulag, Minni-Ólafsvellir.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag að Minni-Ólafsvöllum. Í tillögunni felst skilgreining á byggingarreitum umhverfis núverandi hús auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu hesthúss og þriggja gestahúsa.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. september 2023